

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 86,25 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 167,90 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
- c) Vatnsgjald um rennismæli kr. 8,28 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald kr. 69,25 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils og fastagjald kr. 37,85 fyrir hvern mánuð á notanda. Þeir notendur er greiða mælaleigu skv. 8. gr. greiða ekki fastagjald.

5. gr. orðist svo:

Hitaveitugjöld skv. 4. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldalagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

8. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera kr. 3,16.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla $\frac{3}{4}$ "	kr. 29,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"— $2\frac{1}{2}$ "	kr. 64,50 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 130,45 pr. mán.

10. gr. orðist svo:

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín./lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið 24. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 308,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Vatnsgjald skv. vatnsmæli kr. 15,12 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Heimæðargjald er kr. 11.83 fyrir hvern rúmmetra húss, en lágmarksgjald kr. 5 454,00. Verð hemlagrindar er kr. 2 727.00.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.